Spjallað við

Guðmund Björgvinsson

myndlistarmann

Guðmundur Björgvinsson er ekki við eina fjölina felldur. Hann fæst við að semja lög, skrifa sögur og mála listaverk. Hann var einmitt önnum kafin við að undirbúa sýningu á Kjarvalsstöðum er ég knúði dyra hjá honum og rabbaði við hann um viðhorf hans til listarinnar og fræddist um hvernig sé að vera listamaður að atvinnu en Guðmundur reynir að draga fram lifið á sköpunargáfunni einni saman. Guðmundur hefur að mestu skólað sig sjálfur í myndlistinni en lagði um tíma stund á myndlist, mannfræði og sálarfræði í Californiu.

Hvernig gengur að lifa á listinni Guðmundur?

Eftir atvikum vel. Þau tvö ár sem ég hef eingöngu fengist við þetta hef ég yfirleitt haft nóg að éta og verið laus við þá sjúkdóma sem orsakast af næringarskorti. Hins vegar hefur mér ekki tekist að koma mér upp sundlaug eða sauna enda á ég hvorki kjallara né garð. En í þesum bransa lærir maður fljótt að stilla kröfum sínum á lífsins þægindi í hóf og ég er ánægður ef ég fæ 200 grömm af súkkulaði á dag og get komist í bíó að minnsta kosti tvisvar í viku.

Heldurðu að þú náir því að hafa verkamannalaun í kaup á mánuði?

Á árs grundvelli er ég sennilega með lágmarks verkamannalaun. En þetta er svipað og að spila í happdrætti. Summurnar koma með mjög löngu millibili og maður veit aldrei hvenær maður fær næstu summu, peningasummu.

Hvaða þjóðfélagshópur kaupir verkin aðallega?

Það er sennilega enginn ákveðin en allavega ekki öreigar. Með öðrum orðum, þeir sem eiga varla fyrir kringlum geta náttúrlega ekki keypt listaverk. Þeir sem að geta keypt listaverk eru fyrst og fremst þeir sem eru í hæstu launaklössum, svindlarar, braskarar og glæpamenn. (Guðmundur hlær dátt).

Hvað ræður verðlagningu hjá listamönnum almennt? Nú er t.d. ekki hægt að kaupa verk á 10 þúsund. En þú getur a.m.k. ennþá keypt bók á 10 þúsund.

Já, það sem ræður verðlagningu á listaverkum er fyrst og fremst að þeir sem telja sig almennilega listamenn eru það kröfuharðir á sjálfan sig að þeir láta ekki frá sér hvað sem er. Þannig að þau verk sem þeir gera á ári eru kannski ekki það mörg eða eru réttara sagt það fá að þeir verða að verðleggja hvert verk mjög hátt til þess að geta haft lágmarkstekjur. Þar fyrir utan geta þeir aldrei selt öll verkin sem þeir gera. Þannig að þetta virðist vera eina leiðin til þess að þeir geti haft miðlungstekjur. Ef þeir fara að selja hvert verk á 10 þúsund þá þyrftu þeir að vera með algjöra fjölda framleiðslu. Verðlagning verður að vera svona vegna ríkjandi ástands.


En nú eru grafik myndir t.d. fjöldaframleiddar og kosta þó drjúgan skilding.

Það má segja að grafík myndir brúi bilið milli eftirprentanna og frummynda. Ég fæst ekki við gerð grafíkmynda en gæti trúað að stykkið af þeim kostaði frá 60 til 100 þúsund a.m.k.

Hvað væri hægt að gera til þess að allir gætu eignast listaverk?

Eina leiðin sem ég kem auga á er að listamenn séu á föstum launum hjá ríkinu og útbýti verkum sínum meðal lýðsins. Það mætti hugsa sér skipulagið þannig að það væri einhvers konar stofnun sem tæki við listaverkum. Þangað gætu síðan allir landsmenn labbað með vissu millibili og hirt hver sitt listaverk að eigin vali. Þannig ættu allir jafna möguleika á að eignast listaverk. Og það væri fyrst og fremst smekkur manna sem mundi ráða valinu en ekki afbrigðilegar hvatir eins og fjárfestingahugleiðingar eða eitthvað slíkt. Brask ætti að varða við lög. Ég er náttúrlega ekki hlynntur því að það sé settur kvóti á listamenn þar sem þeir verði að framleiða ákveðinn fjölda á ári. En svona fyrirkomulag má alls ekki hafa í för með sér að ríkið fari að skipta sér af því hvað sé gott og hvað sé lélegt í sambandi við listaverk eins og í Sovétríkjunum.

Eru listasöfn ekki nokkuð úrelt fyrirbæri í núverandi mynd? Er rétt að loka listina inni á söfnum? Væri ekki hægt að hafa sama form á þeim og á bókasöfnum til að hinn almenni borgari geti fengið lánuð listaverk um ákveðin tíma til að njóta þeirra. Þannig næði listin ef til vill best til alþýðunnar, eða hvað?



Þá er sú hætta fyrir hendi að verkin verði eyðilögð. Þetta eru oft viðkvæmir gripir sem þola illa mikinn djöfulgang og ekki nema eitt eintak til af hverju verki. Bækur fara hins vegar sjaldan undir færri en þúsund eintök. Að lána listaverk er svipað og að lána Guðbrandsbiblíu af bókasafni.

Er það ekki eyðilegging á listaverkum að láta þau liggja í kössum í geymslum og kjöllurum? Það nýtur enginn verkanna á meðan.

Ég er hlyntur því að listaverk séu hengd upp í opinberum byggingum og allsstaðar þar sem almenningur á mikið leið um. Það er að segja að hið eiginlega Listasafn Íslands hangi á þeim stöðum þar sem fólk er messt að vasast dags daglega. Mér skilst að búið sé að setja lög um að allar opinberar byggingar og ég held jafnvel fleiri verði skyldaðar til þess að kaupa listaverk fyrir ákveðna prósentu af byggingarkostnaði. Mér líst stórvel á þessa þróun. Síðan má náttúrlega beina fólki á söfnin. Þau eru í sjálfu sér ágæt svo langt sem þau ná. Miðað við núverandi ástand er raunverulega eina leiðin fyrir almenning til þess að njóta góðra listaverka að fara á söfn eða sýningar.

En þá kemur tímaleysið hjá t.d. verkafólki sem vinnur myrkranna á milli og hefur ekki tíma né þrek til að fara á söfn, í leikhús, í bíó eða að stunda menningarlífið á einn eða annan hátt. Auk þess er það takmörkuð upplifun sem þú hefur af því að fara á söfn miðað við það að njóta listarinnar á heimili eða á vinnustað.

Ég hef hér mjög góða hugmynd í sambandi við t.d. Listasafn Íslands, það sem þeir ættu að gera er að fara stöðugt með myndir á vinnustaði og hengja upp þar. Hafa fólk í því að hengja upp myndir í einn mánuð þarna, einhvern ákveðinn fjölda af myndum síðan annað í staðinn eftir ákveðinn tíma, færa þetta á milli vinnustaða, þannig að fólk umgangist þá list sem Listasafn Íslands á í sínum fórum, þannig að þetta sé ekki í kössum einhvers staðar.

Hvert sækir þú myndefnið?

Ég sæki myndefnið í manninn eða rétara sagt Homo Sapiens. Ég mála manninn í ýmsum stellingum.

Af hverju málarðu einungis manninn? Af hverju ekki náttúrumyndir?

Það er vegna þess að maðurinn stendur mér nær heldur en einhver fjöll úti í rassgati. Þetta er mér langtum áþreifanlegra. Ég umgengst fólk. Ég hef langtum meiri áhuga á fólki en nokkru öðru. Að vísu hef ég ekkert á móti því að fara út úr bænum einu sinni til tvisvar á ári og kíkja á fjöll og skoða þetta. En það er fyrst og fremst maðurinn sem ég hef áhuga á. Enda sit ég oft dögum saman á bekk í Austurstræti og glápi á þetta fyrirbrigði. Það er náttúrlega það sem maður er fyrst og fremst að vasast í allan sólarhringinn. Það eru samskipti við fólk, mannleg samskipti. Það er náttúrlega ekkert eðlilegra en að maður tjái sig um einmitt þetta fyrirbrigði.

Ég sé hér abstraktmyndir í röðum. Er þetta nýr póll?

Þetta atvikaðist þannig að ég er nú búin að vera í raunsæismyndum núna nokkuð lengi, 2—3 ár. Þetta er mikil einbeiting í þessu. Þetta er eins og að dansa jafnvægisdans á línu Maður verður að halda ákveðnu striki og passa sig að detta ekki útaf. Mikil einbeiting og það fer gífurleg orka í þetta, og smám saman safnast upp geysileg spenna, maður verður mjög spenntur og streita safnast fyrir út af þessu. Smám saman skapast þessi þörf hjá mér til þess að fá algjöra útrás sem er algjör andstæða við þetta, þessa einbeitingu og hnitmiðun. Og þá kom þetta fram á sjónarsviðið. Þetta eru mjög hröð vinnubrögð, eins og sprenging. Þegar maður málar raunsæismyndir þarf þetta að vera svo nákvæmt. Það er að segja öll hlutföll nákvæmlega unnin. Hitt er svona nokkurn veginn óbeislað, fer í allar áttir og er mjög óformfast. Þó að maður sjái kannski líkama eða líkamastemmingu eða form sem minna mann á líkama, fólk, þá er þetta óformfast. Þetta er eins og uppleystur líkami. En aftur á móti öfugt í raunsæismyndum. Þar eru allar línur mjög hreinar og skarpar og allir skuggar nákvæmlega út reiknaðir og fyrirfram ákveðnir.

Pétur Hafstein Lárusson

Hinir sérfróðu.

Kryfja til mergjar vandamál samtímans

rína í:
flöktandi unglinga
kúgaðar konur
geðklofa dópista.

Hella upá könnuna
spaklegum hugmyndum.

Vitna í skærasta vandræðaskáldið
í tískuheimi antitískunnar.

Taktfast slær diskóið
á ólíklegustu stöðum.

Pétur Gunnarsson

Úr ljóðabókinni „Splúnkunýr dagur"

og þú verkakona
hver hugsar nokkurntíma um þig
enginn húsmæðraþáttur talar til þín
og enginn „fyrirmyndarkonuþáttur" fjallar um þig
enginn gefur þér síðan kjól
og dansar við þig vals
bíómyndirnar eru ekki um þig
draumar þínir fengnir að láni
þitt hlutskipti er slor og klám
börnin þín vitlaust hirt
ó þú sem sefur ekki fyrir tómu veski
þú sem fyllir tossabekkina
er ekki þinn vitjunartími kominn?
leggðu frá þér þorskinn
tvíhentu hnífinn
barki þjóðfélagsins öskrar

